

Fimmtudaginn 31. mars 2022 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í blönduðum stað- og fjarfundi og hófst hann kl.14:30

Mættir voru: Einar Jón Geirssons og Skúli Guðbjörnsson. Ragnheiður Pálsdóttir, Sindri Geir Sigurðarson, Eyjólfu Ingvi Bjarnason og Jón Egill Jóhannsson voru í gegnum fjarfundabúnað.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri og Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón stjórnar fundi.

Gengið er til dagskrár:

1. Ársreikningur

Ársreikningur 2021 lagður fram. Stjórn fer yfir ársreikning og mun fá hann til rafrænnar undirritunar síðar í dag.

Samþykkt

2. Fyrirhuguð synjun

HMS hefur sent Bakkahvammi hses. bréf um fyrirhugaða synjun á samkomulagi um vilyrði fyrir úthlutun stofnframlaga fram í tímann. Stjórn Bakkahvamms hses. vinnur andsvar sem sent verður til HMS eftir fundinn.

Samþykkt

3. Bygging 2022

Áætlanir Bakkahvamms hses. og umsókn stofnunarinnar til HMS gera ráð fyrir að heildar byggingarkostnaður án bílastæða verði 85.735.584 kr.- Bakkahvammur hses. hefur ekki yfir auka fjármagni að ráða til að hækka hlutdeild stofnunarinnar í verkefninu þar sem stofnunin er ekki hagnaðardriffin. Myndi byggingarkostnaður hækka kæmi það einungis niður á leiguverði íbúðanna og illa við þann hóp sem íbúðirnar eru ætlaðar. Bakkahvammur hses. mun taka það upp við Hoffell ehf. og leita mögulegra leiða til lækkunar á byggingarkostnaði.

Samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15:05